

Bekkjarnámskrá
Íslenska - 3. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Lilja Dögg Bjarnadóttir og Oliwia Stefania Horodejczuk

Tímafjöldi: 8 kennslustundir á viku

Markmið

Að auka lesskilning nemenda. Að nemendur kunni skil á stafrófi, sérhljóðum og samhljóðum, sérnöfnum og samnöfnum og kunni skil á tvöföldum samhljóða. Að nemendur geti við lok 3. bekkjar skrifað heilsteypta sögu, átti sig á kyni nafn- og lýsingarorða og kunni ng og nk reglu. Einnig eiga nemendur að geta dregið rétt til stafs við lok 3. bekkjar.

Námsefni

Ritrún 3, Skrift 3, Lesrún 2, sögugerð, Orð og setningar 1 og 2, Setningar og málsgreinar 1.

Kennsluaðferðir

Innlögn kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna, próf og verkefni.

Námsmat

Lesskilningspróf, verkefnavinna, próf, para- og hópavinna.

Hæfniviðmið – námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Lestur og bókmenntir

- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Lesið úr táknumyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.

Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyn dir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

Bekkjarnámskrá
Stærðfræði - 3. bekkur
Skólaárið 2024 - 2025



Kennari: Lilja Dögg Bjarnadóttir og Oliwia Stefania Horodejczuk

Tímafjöldi: 8 kennslustundir á viku

Markmið

Nemendur átti sig á tölum stærri en 1000 og minni en 0. Áhersla lögð á samlagning, frádrátt, margföldun og deilingu. Nemendur kunni einfalda tölfraði ásamt því að kunna á klukku og geta reiknað út tíma. Nemendur kunni rúmfræði og að mæla ýmsar lengdir. Nemendur þurfa að átta sig á almennum brotum og skipt niður. Nemendur finna samhverfu á hinum ýmsu hlutum.

Námsefni

Sproti 3a og 3b, nemendabók og æfingahefti. Aukaefni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlögn kennara, umræður, einstaklings- og hópavinna, töflukennsla, sýnikennsla

Námsmat

Verkefni, próf og kannanir.

Hæfniviðmið – námsþættir

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ápreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgáttur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.

Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reiknasamlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.

Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.

Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.
- Unnið með mælikvarða og lögun.

Tölfræði og líkindi

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
- Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.

Bekkjarnámskrá
Náttúrugreinar - 3. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Lilja Dögg Bjarnadóttir og Oliwia Stefania Horodejczuk

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Nemendur eiga að:

- gera sér grein fyrir hvað felst í því að Ísland sé eyja
- læra um strandir og fjöru, hverju þarf að hyggja að í fjöruferð, hvaða lífverur búa þar og gert sér grein fyrir aðstæðum í sjónum.
- geta lýst hvað felst í orðunum „flóð og fjara“.
- þekkja nokkra flokka og tegundir sjávardýra, læra um heita og halda strauma í sjónum m.a. Golfstrauminn.
- þekkja gróflega sögu sjávarútvegs á Íslandi, kynnast nokkrum ólíkum störfum í sjávarútvegi, nauðsyn inn- og útflutnings og hvað höfn er.
- þekkja hlutverk og útlit skipa, helstu hluta þess og hvað þeir heita.
- þekkja auðlindir hafssins og mikilvægi þess að ganga vel um hafið.
- að náttúran tekur sífelldum breytingum bæði af eigin völdum og mannavöldum og hvernig menn nýta náttúruna.
- viti hvernig lífverur bárust til landsins og að enn séu nýjar lífverur að bætast við.
- að nemendur átti sig á að allt í umhverfinu og náttúru er hvað öðru háð
- viti að plöntur eru undirstaða lífs á jörðu og sjái dýrum og mönnum fyrir fæðu og súrefni
- að hringrásir efna eru nausynlegar þar sem þau eru aðeins til í takmörkuðu magni á jörðinni
- skilji hringrás vatnsins og að sama vatn sé notað aftur og aftur
- mikilvægi þess að endurvinna og endurnýta hluti

- að mest af orku jarðar kemur frá sólinni

Námsefni

- Halló heimur 2
- Komdu og skoðaðu Hafið
- Efni frá kennara

Kennsluhættir

Innlögn kennara, einstaklings- og hópavinna, vettvangskennsla, sýnikennsla og þemavinna.

Námsmat

Símat, virkni nemenda og þemaverkefni

Hæfniviðmið – námsþættir

Geta til aðgerða

- Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum.
- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

Gildi og hlutverk vínsinda og tækni

- Miðlað í máli og myndum hugmyndum sem tengjast náttúrvísindum.
- Notað einföld hugtök úr náttúrvísindum í textaskrifum.

Vinnubrögð og færni

- Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.
- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.

- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.

Að búa á jörðinni

- Sagt frá því hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.
- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.

Lífskilyrði manna

- Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi, hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkaman og tengt hitastig við daglegt líf.

Náttúra Íslands

- Greint milli algengustu orkugjafa á Íslandi.
- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða

Heilbrigði umhverfisins

- Fjallað um samspil manns og náttúru.

Samspil vínsinda, tækni og þróunar í samféluginu

- Sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla.

Bekkjarnámskrá
Samfélagsgreinar - 3. bekkur
Skólaárið 2024 - 2025



Kennari: Lilja Dögg Bjarnadóttir og Oliwia Stefania Horodejczuk

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- átti sig á að uppruna Íslands og að Ísland sé eyja langt frá öðrum löndum og hafi það áhrif á hvaða lífverur búa hér.
- kunni skil á helstu landsnámsmönnum og hvernig þeir komu til landsins.
- geri sér grein fyrir að íslendingar séu tiltölulega ung þjóð og þekki því sögu og hvernig fornminjar gefa okkur vísbendingar um líf og störf fólks áður fyrr.
- komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í rímana rás eins og skipulag samfélaga og umhverfi manna.
- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- sýnt tilitsemi og virðingu í samskiptum við aðra
- átta sig á umhverfi sínu úti og inni, rata um það, læra að fara eftir leiðbeiningum og geta vísað öðrum til vegar.
- kynnast mikilvægi korta í daglegu lífi.
- kynnast loftmyndum og átta sig á hvernig kort eru búin til eftir þeim með því að bera saman ljósmynd, loftmynd og kort af sam a stað.
- skilja stærðarkvarða loftmynda og korta, læra að þekkja áttirnar og skilja mikilvægi þeirrar kunnáttu.
- læra að lesa landakort, þekkja helstu tákna þeirra og liti. Læra hvernig kort hjálpa við að rata og nokkrar aðferðir sem hjálpa við það.
- læra hvernig landslag er túlkað á mismunandi hátt á kortum og geta lesið ákveðna staðsetningu af rúðustrikuðu korti.
- læra að mæla fjarlægðir á landakorti, kunna að lesa á hnattlíkan og þekkja pólana og baugana.

- átta sig á að kort geta verið ónákvæm af ýmsum ástæðum.
- átta sig á bekkjarreglum og gildi Bekkjarsáttmálans.

Kynbundið ofbeldi

- Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgögum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
- Áherslur 3. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, líkamsímynd/líkamsvitund, kynferði og kynferðisleg hegðun, æxlun og kynþroski og ofbeldi.

Unicef

- Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli
- Á vorönn vinnum við verkefnið *Ólíkar fjölskyldugerðir*

Námsefni

- Komdu og skoðaðu landnámið
- Komdu og skoðaðu landkortin
- Börn í okkar heimi
- Könum kortin 2
- Halló heimur 2
- Efni frá kennara

Kennsluhættir

Innlögn kennara, einstaklings- og hópavinna, vettvangskennsla, sýnikennsla og þemavinna.

Námsmat

Símat, virkni nemenda og þemaverkefni.

Hæfniviðmið - námsþættir

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.
- Komið auga á nokkra þætti sem hafa áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.

Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.

Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynd og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífs háttum.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.
- Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.

Bekkjarnámskrá
Skólaíþróttir – 3. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Hjörtur Fjeldsted, Frans Elvarsson, Birna Þorkelsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustund á viku

Markmið

Markmið er að örva hreyfiþroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Ken na þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttta eða líkamns og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluhættir

Námið fer að miklu leyti fram í leikjaformi þar sem nemendur virkja hreyfiþörf, efla skynfæri líkamans og styrkja gróf-og fínhreyfingar. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþrótttagreinum sem og stöðvarþjálfun og úthilaup.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Virkjað hreyfiþörf.
- Þjálfað hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.

- Þjálfað einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- Tekið þátt í stöðluðum prófum.
- Þjálfast í boltafærni og mismunandi boltaleikjum.

Félagslegir þættir

- Þjálfast í að bregðast rétta við fyrirmælum kennara.
- Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.
- Öðlast þá félagsfærni að taka þátt í leikjum.
- Tileinkað sér íþróttamannslega hegðun.

Heilsa og efling þekkingar

- Tileinkað sér hreinlæti að lokinni íþróttakennslu.
- Útskýrt líkamlegan mun á kynjum.

Öryggis og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Bekkjarnámskrá
Sund - 3. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Hjörtur Fjeldsted, Frans Elvarsson

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu sundaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluhættir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 3. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, leiki og afkastageta

- Unnið eftir 3. sundstigi.
- Synt 12 m skólabaksund.
- Synt 6 m skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram.

- Synt 6 m baksundsfótatök.
- Synt 12 m bringusund.
- Kafað eftir hlut á 1 - 1,5 m dýpi.

Öryggis og skipulagreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Bekkjarnámskrá
Upplýsinga- og tæknimennt - 3. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- nýtt sér upplýsingatækni og forrit við uppþeyggingu einfaldra verkefna.
- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu
- Sýnt ábýrgð í meðferð upplýsinga.

Námsefni

Ritvinnsla, glærugerð

Kennsluhættir

- Innlögn frá kennara
- Sjálfstæð vinna
- Paravinna

Námsmat

Mat á verkefnum í ritvinnslu, glærugerð, fingrafimi

Hæfniviðmið - námsþættir

Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.

Tækni og búnaður

- Getur kveikt á tölvu, skráð sig inn á tölvuna og ganga rétt frá henni að lokinni notkun.
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
- Nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð.

Sköpun og miðlun

- Öðlast jákvætt viðhorf til tölva og þjálfist í að umgangast þær sem sjálfsagt verkfæri.
- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
- Er óhrædd/ur að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni.

Siðferði og öryggismál

- Lært að temja sér ákveðnar umgengnisreglur við tölvur m.a. í tölvuveri.
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

Bekkjarnámskrá
Nýsköpun - 3. Bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Drífa Hjörðís Thorstensen

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur geti unnið sjálfstætt að ýmsum verkefnum.

Námsefni

Námsefni frá kennara.

Kennsluaðferðir

- Bein kennsla og nemendur vinna sjálfstætt eftir fyri mælum kennara.
- Sýnikennsla, kennari sýnir hvernig á að vinna verkefnið.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar. Umsögn gefin í lokin

Hæfniviðmið – námsþættir

Handverk:

Að nemendur geti

- hannað og búið til ýmsa hluti úr ólíkum efnivið
- beitt einföldum verkfærum
- hannað eins og unnt er verkefni sín sjálfir
- lýst notagildi og virkni hlutar sem þeir vinna að

Hönnun og tækni:**Að nemendur geti**

- framkvæmt einfaldar samsetningar,
- greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir
- bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi

Umhverfi:**Að nemendur geti**

- valið efni út frá umhverfissjónarmiðjum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,
- beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Bekkjarnámskrá
Tónmennt - 3. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Rasa Varekiene

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Að gera sér grein fyrir áhrifum hljóðs og þagnar. Að þekkja og nota áherlsumerki. Að vina með nótur og laglínustefnu. Að þekkja tákna tónfræðinnar. Að þekkja tákna og áhrif styrkleikamerkja. Að þekkja andstæðurnar hratt og hægt. Að þekkja mun á barnakór, kvennakór, karlakór og blönduðum kór. Að þjálfa tóneyra og sjálfstæði í söng. Að sameina söng hreyfingu. Að þekkja muninn á talsöng og söng. Að nemendur öðlist leikni í notkun slagverkshljóðfæra með hlustun, samvinnu og spuna. Að þjálfa nemendur til að fylgja fyrirmælum og stjórnanda. Að þjálfa púls og hryn. Að þjálfa áslátt, spilatækni og samsplil á tré, málm og klukkuspil. Að dansa við tónlist.

Námsefni

Ásláttarhljóðfæri, bjöllur, hlustunarefni og ýmislegt lagt til af kennara.

Kennsluhættir

Innlögn kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna,

Námsmat

Verkefni og virknimat.

Hæfniviðmið - námsþættir

Tónmennt

- Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.

- Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það.
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð - eða tónverk.
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
- Greint að einhverju marki, metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.
- Greint ólíkar stílategundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
- Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr.

Menningarlæsi

- Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.

**Bekkjarnámskrá
Sjónlistir - 3. bekkur
Skólaárið 2024-2025**



Kennari: Silvia Villaverde Björgvinsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustund á viku

Markmið

Sjónlist er í eðli sínu skapandi námsferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mó tun, graffítækni, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðla r að því að nemendur þjá fast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlist skapast tækifæri til að þjálfa orða forða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjá fast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Í sjónlist er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni.

Námsefni

Teikniblýantar, tréлитi, ýmis konar pappír, þekjulitir, málning, vatnslitir og penslar, steinleir og glerunga og fl...

„Myndmennt II „(Námsgagnastofnun), „Íslensk Listasaga“, Listasafn Íslands, (Forlagið), „Listasaga, frá Hellalist til 1900“, Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage (MMS), „Ég Sé með Teikningu“, Björg Eiríksdóttir (MMS), „Kveikjur fyrir Skapandi Skólastarf“, Vigdís Hlíf Sigurðardóttir (MMS),

Annað efni tengd greinarinnar frá kennara.

Kennsluhættir

Námsmat

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni er nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tínum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Hæfniviðmið - námsþættir

Handverk, aðferðir og tækni

- Getur notað einfaldar aðferðir greinarinna og beitt viðeigandi áhöldum.
- Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
- Getur fjallað um eigin verk og annarra á einfaldan hátt.

Sköpun, hönnun og útfærsla

- Getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Fjallað um eigin verk og annara.
- Getur skreytt verkefni á einfaldan hátt.
- Getur nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Getur unnið út frá eigin listsköpun.

Menning og umhverfi

- Þekkir og getur gert grein fyrir völdum verkum listamanna og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins.
- Getur notað ný og endurunnin efni í verkefni sitt.

Félagsfærni og gagnrýnin hugsun

- Unnið sjálfstætt eða í hóp.
- Fjallað um eigin verk og annarra á einfaldan hátt með virðingu og eflí gagnrýninn hugsun.

Bekkjarnámskrá
Textílmennt - 3. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Ásta Guðný Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustund á viku

Markmið

Markmið að samhæfa hug og hönd nemenda, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda. Áhersla lögð á frjásl ega og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínþreyfinga, vandvirkni og sjálfstæði. Nemendur læra að klippa efni, nota tituprjóna, nálar, skæri og sauma í saumavél.

Námsefni

Námsefni og sýnikennsla hjá kennara, skæri, lím, perlur, skraut, tituprjónar, nálar, efni, saumavél, tvinni og fleira.

Kennsluhættir

- Verkefni
- Innlögn / sýnikennsla kennara
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna

Námsmat

Verkefni nemenda eru lögð til grundvallar við námsmat, ásamt áhuga, sjálfstæði, verklagni, hegðun og vinnusemi nemenda í tímu m

Hæfniviðmið - námsþættir

Handverk, aðferðir og tækni

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.

- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun hönnun og útfærsla

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.

Menning og umhverfi

- Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.
- Sagt frá nokkrum tegundum textílefna og unnið með það á einfaldan hátt.
- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.
- Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.

Bekkjarnámskrá
Heimilisfræði - 3. bekkur
Skólaárið 2024 - 2025



Kennari: Björk Sverrisdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 8-9 skipti

Markmið

Að nemandi geti farið eftir einföldum uppskriftum og með aðstoð útbúið einfaldar máltíðir, þjálfist í notkun mælitækja s.s. mæliskeiða og desilítramáls, átti sig á tilgangi fæðuhringsins, geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif, geri sér grein fyrir helst hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Námsefni

Heimilisfræði 3 og námsefni frá kennara

Kennsluaðferðir

Sýni, verkleg, og bóklegkennsla

Námsmat

Símat

Hæfniviðmið - námsþættir

Matur og lífshættir

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.
- Unnið einföld verkefni í hópi

- Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Gengið frá eftir vinnu sína
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- Hagnýtt þá leikni sem þeir hafa öðlast í einföldum verkefnum.

Matur og vinnubrögð

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsahöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Matur og umhverfi

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.
- Læri að umgangast eldhúsið og átti sig á því hversu mikilvægt hreinlæti er þegar kemur að mat.
- Skilið einfaldar umbúðamerkingar.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi hollustu og útskýrt áhrif hollustu á líkama og líðan.

Matur og menning

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.
- Læri um mikilvægi hreinlætis og góðrar tannhirðu.
- Kann að meta hollustu í fæðu og þekkir sínar eigin matarvenjur.
- Tengi viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti, kynnist hreinlæti, matreiðslu, samvinnu, tillitsemi og hjálpsemi.
- Þjálfast í að fara eftir einföldum skriflegum uppskriftum.
- Þekkir hvernig hægt er að hafa áhrif á umhverfisvernd og endurvinnslu

- Þekki fæðuhringinn og notagildi hans.
- Þjálfast í að ganga frá eftir sig.